

**Nr. 17-095 S 072 Langvía ÍS 416****Sekkur í höfn**

Skipaskr.nr. 7555  
 Útgerð: Iceland Sea Angling hf  
 Smíðaður: Hafnarfjörður, 2006, plast  
 Stærð: 4,57 brl. 3,47 bt.  
 Mesta lengd: 6,99 m Skráð lengd: 6,93 m  
 Breidd: 2,33 m Dýpt: 1,51 m  
 Vél: Volvo Penta 67,2 kW, 2006  
 Fjöldi skipverja: 0



Langvía ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
 Lögregluskýsla.  
 Gögn RNSA.

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

**Atvikalýsing:**

Þann 4. júní 2017 var frístundafiskiskipið Langvía ÍS 416 við bryggju í Bolungarvík. Veður: NA 2 – 3 m/s.

Um nóttina sökk báturinn við flotbryggju og var hann fljótlega hífður á land. Talsverðar skemmdir urðu á honum.

Myndin sýnir Langvíu hálfsockna.

**Við rannsókn kom fram:**

- að tvær lensidælar voru í bátinum ein í vélarrúmi og ein í lest;
- að höfuðrofinn fyrir rafkerfið var innsleginn og allt benti til að lensidælurnar hafi verið í gangi þar til tæmst hafði af rafgeymunum;
- að allir tengiboltar fyrir rafmagn við rafala og startara voru sundurtærðir sem og önnur raftengi á vélinni;
- að við skoðun á hældrifi kom í ljós að stýrislega var brotin og pakkdósir



Staðsetning á stýrislegunni í hældrifinu

- við hana ónýtar þannig að sjór átti greiða leið inn í bátinn;
- að á ólestuðum bát voru um 5 cm upp í stýrisleguna í hældrifinu.

***Nefndarálit:***

Orsök lekans má rekja til óviðunandi ástands á stýrisarmi.